

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010	Hjúkrunarfræði HJÚ103 Kennsluáætlun haustönn 2010	
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 1 af 2		

Kennari	Margrét Pétursdóttir	Sk.st.	MPÉ
----------------	-----------------------------	---------------	------------

Meginmarkmið

Að nemandi öðlist þekkingu á grunnatriðum umönnunar skjólstæðinga. Að nemandinn kynnist forsendum hjúkrunarstarfa og um hvað þau störf snúast.

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um sögu og hugmyndafræði hjúkrunar. Fjallað er um grunnatriði umönnunar, andlegar, líkamlegar og félagslegar þarfir skjólstæðinga. Fjallað er um breytingar á líkamsstarfsemi og umönnun sem tengist því. Fjallað er um mikilvægi upplýsingaflæðis í hjúkrunarstörfum. Kynnt eru lög um réttindi sjúklinga.

Markmið:

Að loknu námi í áfanganum á nemandi að

- þekkja sögu hjúkrunar og hugmyndafræði
- þekkja helstu skipulagsform hjúkrunar
- þekkja umönnunarhugtakið og geta útskýrt hvað felst í því
- þekkja og geta útskýrt hvað felst í hugtökunum heilbrigði og sjúkdómsástand
- þekkja helstu kenningar Henderson um hjúkrun
- þekkja þarfapýramída Maslows og tengsl hans við hjúkrunarkenningar
- geta gert grein fyrir mikilvægi móttöku sjúklings við innlögn
- geta útskýrt samverkun andlegra, líkamlegra og félagslegra þarfa skjólstæðinga sinna
- geta gert grein fyrir hlutverkum sjúkraliða í hjúkrun skjólstæðinga
- þekkja samhengi milli ástands skjólstæðings og hjúkrunarþarfa
- hafa þekkingu á og færni til að skipuleggja og framkvæma morgunaðhlyningu
- þekkja lausnarmiðaða aðferð (PBM) og skilja hvernig hún nýtist sem grundvöllur hjúkrunarmeðferðar
- geta gert grein fyrir mikilvægi athugana og skráningar í framvindu hjúkrunar
- geta útskýrt mikilvægi svefns og hvíldar
- geta gert grein fyrir áhrifum verkja á skjólstæðinga og þekkja helstu ráð til úrlausnar
- þekkja hvaða þættir tilheyra nánasta umhverfi skjólstæðingsins og geta útskýrt mikilvægi þess að umgangast nánasta umhverfi hans með virðingu
- geta lýst helstu breytingum á lífsmörkum, athugunum og hjúkrun sem tengist því
- geta skilgreint breytingar á næringarinntekt og hjúkrun sem tengist því
- þekkja breytingar á vökvajafnvægi og hjúkrun sem tengist því
- þekkja leiðir til að fyrirbyggja fylgikvilla rúmlegu
- þekkja helstu ákvæði laga um réttindi sjúklinga
- skilja mikilvægi þagnarskyldu og trúnaðar í samskiptum við skjólstæðinga.

Námsgögn:

Fjölritað handrit: "HJÚ103 – Almenn hjúkrun, námsefni 2010", frá kennara

Vefsíður og tímaritsgreinar

Ýtarefni: HJÚ 103, eftir Ásu Einarsdóttur,
Hjúkrunarkver, Ingibjörg Magnúsdóttir þýddi
Grunnleggende sykepleie 1, eftir Agnes Brønstad

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 07		
Dags.: 08.04.2010		
Höfundur: GLÁ		
Samþykkt: HJS		
Síða 2 af 2	Hjúkrunarfræði HJÚ103 Kennsluáætlun haustönn 2010	

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni
33.- 35.	Lota 1: Kynning, lausnamiðuð aðferð, skilgreiningar hugtaka	Verkefni I.
36.- 37.	Lota 2: Sjúkrastofnanir, mannlegar þarfir, réttindi sjúklinga	Verkefni II
38.- 39.	Lota 3: Eðlileg virkni og athafnir daglegs lífs	Verkefni III
40.- 43.	Lota 4: Áhrif hreyfingar og fylgikvillar rúmlegunnar, lífsmörk	Skyndipróf
44.- 46.	Lota 5: Næring, vökvajafnvægi, verkir	Verkefni - vökvaskrá
48.	Lota 6: Áfanginn metinn og próf undirbúningur	

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Skriflegt	Annarpróf í desember	65%
Skyndipróf	Unnið í 42.viku	15%
Vinna í tímum	Hópverkefni, einstaklingsverkefni, þátttaka í umræðum	5%
Skilaverkefni	Lotuverkefni og vökvaskráin	10%
Mæting og ástundun		5%
Athuga:	Nemandi þarf að ná 4,5 út úr hverjum þætti til að fá hann metinn í lokaeinkunn	

Athuga: ef aðstæður breytast gæti ég þurft að endurskoða áætlunina og réttur til þess er áskilinn.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils